

## Fundargerð 128. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 15. nóvember 2018 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Svanur Gunnsteinsson, Símon Guðvarður Jónsson, Andrés Bjarnason, Brynjólfur Árnason og Jón Kornelíus Gíslason.

Fjarfundur: Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarverandi: Agnar Ólason, Sigurður Gunnar Benediktsson og Guðni Þór Elisson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 127
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála.
3. Tímarit VM
4. Lögræðimál.
5. Styrkir til hjálparsamtaka.
6. Orlofsmál.
7. Yfirlit frá bönkum.
8. NMF - samstarf
9. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

### 1. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM nr. 127

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

### 2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. 8 samningar eru lausir um áramótin. Viðræðuáætlun er klár. Fraktararnir losna líka um áramótin og einhverra hluta vegna hafa þeir alltaf verið látnir mæta afgangi, ekki fengið að setjast niður með SA fyrr en öll stóru félögin eru búin. Verið er að fara í að ræða við þá um að skipa samninganefnd. Fundur var með trúnaðarmönnum orkugeirans.

Samþykkt var að fara í samninga með hugsunina „allir fyrir einn, einn fyrir alla“.

Iðnaðarsamfélagið- almenni samningurinn. Næstu samningar verða með áherslum á skattamál og skattakerfi. Hagfræðingurinn okkar er búinn að láta okkur fá skattalíkan til að skoða. Fundir eru framundan í Iðnaðarsamfélaginu.

### 3. Tímarit VM

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er aðeins gert ráð fyrir að gefa út eitt tímarit. Formaður vill hins vegar gefa út annað fyrir jólin og óskaði eftir heimild stjórnar til að gefa það út. Stjórn samþykkti.

#### 4. Lögfræðimál.

Á síðasta fundi var rætt um lögfræðimál og ætlaði formaður að kanna kostnað við málaferli áður en endanleg ákvörðun væri tekin. Annað mál er líka komið upp sem er líka fordæmisgefandi og snýst um veikindarétt. Formaður óskaði eftir að fá að fara með þessi mál áfram og var það samþykkt.

#### 5. Styrkir til hjálparsamtaka

Formaður ræddi um styrki til hjálparsamtaka sem félagið hefur verið að gefa undanfarin ár fyrir jólin. Umræður urðu um málið og að lokum var ákveðið að styrkja hjálparstarf Kirkjunnar um 300 þúsund og styrkja SÁÁ um 200 þúsund.

#### 6. Orlofsmál

Undirbúningsvinna er byrjuð vegna nýja hússins á Einarstöðum. Á aðalfundi verður skoðað með húsið á Laugarvatni, þ.e. ef það verður ennþá til sölu. Á síðasta orlofsnefndarfundi var ákveðið að setja af stað könnun um orlofshúsin, hvernig menn vilja hafa þetta og þá leiðbeinandi fyrir orlofsnefndina. Orlofsnefndinni var falið að gera spurningarnar.

#### 7. Yfirlit frá bönkum.

Lagt var fram 9 mánaðar yfirlit til upplýsinga frá Arion banka, Íslandsbanka og Kviku banka vegna eignastýringar. Ávöxtun er ekki góð.

#### 8. NMF – Samstarf

Eins og áður sagði þá fóru formaður og Halldór á fund hjá NMF (norræna vélstjórafélaginu) en VM fer með formennsku þar núna.

#### 9. Önnur mál

- Formaður ræddi um Sjómannadagsráð. Þetta er 80 ára félagsskapur sem sér um að reka Hrafnistu heimilin og Hraunborgir (sem þeir eru reyndar búnir að selja núna) og veltir um 8 milljörðum á ári. Haustfundur ráðsins var um daginn og vildu okkar menn fara með vantrausttillögu á Jónas sem við og gerðum. Þessu var mjög illa tekið og að sjálfsgöðu þar af leiðandi fellt. Í
- Formaður ræddu um afmælisgjafirnar til félagsmanna sem samþykktar voru á síðasta fundi. Í gögnunum er skjal með hugmyndum af gjöfum og fjölda afmæla næstu ár þó svo að það séu nú ekki öruggar tölur en miðaðar við daginn í dag
- Rætt var um stefnu félagsins. Lélega þátttaka í kosningum um kjarasamninga sem er ekki gott, að hafa kjararáðstefnur ekki hætta með þær. Formaður upplýsti um að kjararáðstefna væri á 2ja ára fresti og þá næst 2019. Hann sagði að finna þurfi leið til að fá menn til að taka þá í félagsstörfum og kosningum, og bað menn um að hugsa leiðir.

- Aðalfundur VM, verðum að ákveða dagsetningu. Formaður stakk upp á miðvikudeginum 3. apríl en menn sögðu að það hefði verið almenn óánægja að vera með fundinn á miðvikudegi. Ákveðið var að næsti aðalfundur verður föstudaginn 29. mars.

Fundi slitið 15:25